

Lífríki í Elliðavogi

Samantekt vegna fyrirhugaðrar Borgarlínu



Tringa ehf

Apríl 2023

Jóhann Óli Hilmarsson

Ólafur Einarsson

Útdráttur

- Grafarvogur og Elliðavogur eru mikilvægt fuglasvæði og á B-hluta náttúruminjaskrár. Friðlýsing Grafarvogs er á lokastigi. Vatnasvið Elliðaáa á náttúruminjaskrá.
- Nokkur breytileiki í fuglalífi á milli tímabila 2015-16 og 2022, sérstaklega austan megin.
- Engar sjaldgæfar villtar plöntur fundust og engar eru á válista. Mikið er um slæðinga.
- Vistgerðir skv. vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunnar á Geirsnefi eru ekki í samræmi við raunveruleikann.
- Lífríki í leiru minna en búist var við. Nokkuð af fuglum sem leita sér ætis þar og aðrir sækja þangað til hvíldar og baða.
- Svipuð áhrif af nyrðri valkostum og geta þau leitt til fækkunar á fuglum vegna rasks á leirum, vanda þarf til verka við hönnun brúar.

Efnisyfirlit


Útdráttur	2
Efnisyfirlit	3
Inngangur	4
Aðferðir	4
Niðurstöður	6
Fuglar	6
Gróður	9
Plöntutal	9
Vistgerðir	9
Fjaran	9
Umræða	10
Verndarsvæði og verndarviðmið	10
Almennt um lífríkið	10
Valkostirnir	11
Heimildir	12
Viðaukar	13

Mynd á forsíðu: Grágæs með unga. Ein algengasta fuglategundin í voginum. Ljós-
JÓH.

Inngangur

Að beiðni Rúnars Dýrmundar Bjarnasonar, fyrir hönd verkefnastofu Borgarlínu, með bréfi dagsettu 2. júní 2022 tók Tringa ehf. að sér að vinna minnisblað um fuglalíf og annað lífríki Elliðavogs vegna legu Borgarlínu yfir voginn.

Höfundar gerðu ítarlega úttekt á fuglalífi í Elliðavogi og Grafarvogi frá hausti 2015 framá haust 2016, vegna fyrirhugaðra uppfyllinga í tengslum við að breyta iðnaðarsvæði við utanverðan Elliðavog og Grafarvog í íbúðabyggð (Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2016). Sú úttekt er grunnurinn að umfjöllun um fugla hér. Vegna áætlana um legu Borgarlínu yfir Elliðavog voru fuglar taldir í innri hluta Elliðavogs, gróður var athugaður á svæðinu og tekin voru leirusýni þar sem línunni er ætlað að liggja yfir Vestari kvíslina. Valkostir leiða Borgarlínu eru sýndir á 1. mynd.



1. mynd. Þrír valkostir fyrir Borgarlínu yfir Elliðavog. Myndkort frá Mannviti.

Aðferðir

Fuglatalningar voru gerðar á um það bil mánaðarfresti og oftast á fjöru, frá því í júní og fram undir jól 2022 á kvíslum Elliðaána við Geirsnef, þeir hlutar sem nefndir voru nr. 5 og 6 í talningum 2015–16 (2. mynd). Þetta er sá hluti kvíslanna sem er á milli gömlu brúnna og göngubrúnna yst á Geirsnefi. Settjörn innarlega við Eystri kvísl, handan götunnar við Bifreiðar & Landbúnaðarvélar (BL), var talin með Eystri kvísl nú

Gróður var kannaður austan Eystri kvíslar og vestan Vestari kvíslar 21. ágúst og á Geirsnafi 4. september 2022. Gerður var plöntulisti og leitað að sjaldgæfum tegundum. Vistgerðir voru metnar á vettvangi útfrá vistgerðaskilgreiningu Náttúrufræðistofnunnar (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016) og bornar saman við vistgerðakort Náttúrufræðistofnunnar (2018).

5




3. mynd. Unnið að sýnatöku í leirunni í Vestari kvísl Elliðaána 13. sept. 2022. Ljósm. JÓH.

Niðurstöður


Fuglar

Fuglalíf er mjög ólíkt milli Austari og Vestari kvísla Elliðaána. Vestari kvísl rennur um leirur á fjöru, sem eru leifar af leirunni sem áður þakti allan innanverðan Elliðavog, áður en hann var fylltur upp á árunum um og fyrir 1970. Í fyrri talningunni sáust alls 25 fuglategundir í 32 talningum á þessu svæði, miðað við 22 tegundir í 9 talningum árið 2022 (1. viðauki). Talan á mánaðargrundvelli var alltaf hærri á fyrra athugunartímabilinu nema í október, þá var talsvert af málum á svæðinu, fleiri en 2015. (4. og 6. mynd, 1. og 5. viðauki). Mjög lítið sást af fuglum yfir háveturinn. Algengustu tegundir 2015-16 voru (hámark í sviga) grágæs (171), sílamáfur (131), hettumáfur (110), stökkönd (40) og kría (28), en 2022 voru, grágæs (111), hettumáfur (67), sílamáfur (44), stari (80) og stormmáfur (38).




4. mynd. Fuglar á Vestari kvísl Elliðaánna (svæði 6), í 32 talningum frá september 2015 til september 2016.

Eystri kvíslin rennur milli brattrar bakka og þar eru litlar sem engar leirur eða grynningar. Meira rennsli er um þessa kvísl en þá vestari. Fuglar sækja lítið á kvíslina sjálfa, þeir eru meira á settjörnum og á grónum bökkum milli Sævarhöfða og kvíslarinnar (2. viðauki). Niðurstöður talninga á árunum 2015-2016 fyrir Eystri kvísl sjást á 5. mynd. Fuglar að vetrarlagi voru mest í ósnum, ekki á sjálfri kvíslinni. Samanburður milli talningartímabíla sést á 7. mynd. Í fyrri talningum, 2015-16, sáust 30 tegundir en 14 í þeim síðari, 2022. En talningarsvæðin eru ekki alveg sambærileg, eins og kom fram í aðferðum. Þá (2015-16) voru algengustu fuglar æðarfugl, grágæs, stökkönd og hettumáfur. Nú (2022) grágæs, heiðlóa og hettumáfur. Æðarfugl fer ekki eins innarlega og við töldum nú og fáar stökkendur sáust (5. og 7. mynd, 2. og 4. viðauki).




5. mynd. Fuglar á Eystri kvísl Elliðaánna með ósnum (svæði 5), í 32 talningum frá september 2015 til september 2016.

Fuglalíf við nyrðri settjarnirnar er fjölbreytt, en þær eru við áhrifasvæði framkvæmdanna. Þar er kríuvarp (60 pör 2016, eitthvað minna nú), hettumáfsvarp (20 pör 2016) og eitthvað anda- og gæsavarp. Við syðri settjörnina, neðan við BL, er talsverður gróður og þangað sækja gæsir sem bíta á túnunum í kring, ennfremur sást þar skúfandarkolla með unga.



6. mynd. Samanburður á fjölda fugla á Vestari kvísl síðari hluta árs 2022 og í talningum 2015-16. Valið var hæsta gildi í hverjum mánuði.



7. mynd. Samanburður á fjölda fugla á Eystri kvísl síðari hluta árs 2022 og í talningum 2015-16. Valið var hæsta gildi í hverjum mánuði.



8. mynd. Gróðurathuganir við settjörn við Eystri kvísl, neðan við Bifreiðar og landbúnaðarvélar. Gróður í og við tjörnina er fjölbreyttur. Ljós. JÓH 21.8.2022.

Gróður

Plöntutal

Alls fundust 74 tegundir háplantna (3. viðauki) og fáeinar tegundir lágplantna voru skráðar. Svæðinu var skipt í þrennt: a) Austurhlutinn, milli Eystri kvíslar og Sævarhöfða, b) Geirsnef og vesturhlutinn, c) milli Vestari kvíslar og göngustígs austan Knarrarvogs og Súðarvogs. Svipaður fjöldi tegunda fannst á hverjum svæði fyrir sig, 37 tegundir á austurhlutanum, þar með taldar nokkrar vatnaplöntur í settjörn neðan við Bifreiðar & Landbúnaðarvélar, 42 tegundir á Geirsnefi og sami fjöldi á vesturhlutanum. Talsvert var um slæðinga á þessu svæði eins og búast mátti við. Þistill er í miklum breiðum, sérstaklega í vesturhlutanum. Randagin er slæðingur sem fannst þar og stakt eplatré fannst í Geirsnefi.

Vistgerðir

Ekki var lagt mikið uppúr því að meta vistgerðir, vegna þess hve mjög land er raskað. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunnar (2018b) er lynghraunavist í Geirsnefi. Ekki er hægt að vera sammála því, Geirsnef er uppfylling og því manngert umhverfi, sem væri hægt að flokka sem ræktarland (búsvæðaflokkur L14). Blettir fundust með lyngmóavist á láglendi (L10.8), grasmóavist (L10.4) og snarrótarvist (L9.4) á nokkrum stöðum, en þær vistgerðir samræmast vistgerðarkortinu. Verndargildi þessara vistgerða allra er hátt.

Fjaran

Þrjú leirusýni voru tekin úr leirunni í Vestari kvísl (3. mynd). Fá dýr fundust og töldust þau til fárra tegunda, sem eru allar dæmigerðar fyrir leirur í árósum (1. tafla). Hjarta-

og sandskeljarnar voru smáar og klettadoppa dauð. Eitthvað var af bæði kræklingi og hjartaskel í sjálfum árfarveginum í leirunni. Fjórar tegundir þangs fundust við bakkann: klapparþang, bólupang, klóþang og slafak. Leirugerðin er skeraleira (vistgerð F2.33).

1. tafla. Niðurstöður sýnatöku í leirunni í Vestari kvísl.

Sýni 1		Sýni 2		Sýni 3	
Teg.	Fj.	Teg.	Fj.	Teg.	Fj.
Hjartaskel	1	Sandskel	3	Sandskel	2
Sandskel	1	Hjartaskel	1	Leiruskeri	1
Lónaþreifill	4	Klettadoppa	1		
		Fjörufló	1		
		Leiruskeri	1		
		Áni	1		

Umræða

Verndarsvæði og verndarviðmið

Grafarvogur og Elliðavogur utan uppfyllinga er mikilvægt fuglasvæði (IBA), skv. skilgreiningu Náttúrufræðistofnunar (Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 2016) og á B-hluta Náttúruuminjaskrár (Náttúrufræðistofnun 2020). Friðlýsing Grafarvogs er nú á lokastigi. Umfjöllunarefni þessar samantektar er því rétt utanvið það svæði. Háubakkar vestanmegin í voginum eru friðlýstir sem náttúruvætti, en þeir eru utan áhrifasvæðis Borgarlínu. Vatnasvið Elliðaánna er á náttúruuminjaskrá: „Elliðaárdalur, Reykjavík, Kópavogi. (1) Vatnasvið Elliðaánna í Elliðaárdal, frá upptökum í Elliðavatni allt til ósa. (2) Fjölbreytt náttúrufar, kjörið útivistarsvæði í þéttbýli.“ (Umhverfisstofnun án ártals).

Nokkrar fuglategundir sem fundust í Elliðavogi eru á válista (Náttúrufræðistofnun 2018c). Hvítmafur og svartbakur eru taldir í hættu (EN), gulönd, hrafn, kría, tjaldur og æðarfugl eru í nokkurri hættu (VU), silfurmafur og stelkur eru í yfirvofandi hættu (NT). Aðrar tegundir sem sástu eru ekki metnar í hættu válistanum eða gögn vantar (sílamáfur, DD).

Almennt um lífríkið

Samanburður á fuglalífinu milli talninganna 2015-16 og 2022 sýna nokkrar sveiflur og breytileika milli tímabila. Oftast sást þó fleiri fuglar hið fyrra tímabil á Vestari kvísl, en þá var reyndar talið oftar. Einu sinni voru fleiri fuglar 2022, það var í október og voru þar aðallega máfar á ferð (6. mynd). Á eystri kvísl eru meiri sveiflur, hópurinn sem sást þar í ágúst 2022 var blanda af grágæsum, heiðlóum, stormmáfum og hettumáfum og fjöldinn í október var borinn uppi af heiðlóum (7. mynd). Á heildina litið sást minna af grágæsum og öndum nú en fyrir 6 árum, en svipað af máfum og vaðfuglum. Ekki verður þó lesið neitt sérstaklega í þessar tölur. Stormmáfur er síðsumars/haustfugl og sást allstórir hópar 2022, meira en í fyrri talningunni. Fækkun stökkanda verður ekki skýrð (6. mynd, 1. og 5 viðauki).

Gróðurfarið ber svip af því manngerða landslagi sem það vex í. Á blettum hafa sums staðar þróast vistgerðir sem bera sterkan keim af villtum vistgerðum. Það er hvergi sérstakt eða kallar á vernd. Þær plöntur sem fundust eru til víða um land og eru algengar þar sem þær finnast. Engar válistaplöntur fundust skv. lista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2018a).

Lífríkið í leirunni vestan megin er minna en búist var við, en sýni voru þó fá. Þó nokkuð af fuglum leitar sér þó ætis á leirunni. Greinilegt er að áhrif ferskvatns úr ánni hefur áhrif á lífríkið.

Valkostirnir

Nyrðri valkostirnir tveir, sem liggja þvert yfir leiruna og Geirsnef, sem og aðrir valkostir sem nefndir hafa verið og liggja yfir leiruna, munu hafa svipuð áhrif á lífríkið. Einhver fækkun verður á fuglum tengt því að hluti leirunnar fer undir uppfyllingu og svo mun brúin og umferð á henni hafa áhrif á flug fugla. Umferðin um brýrnar verður þó minni en hefðbundin bílaumferð, þar sem aðeins borgarlína, svo og gangandi og hjólandi umferð fara þar um. Það er samt þess virði að reyna að halda í það litla af náttúrulegri leiru sem eftir er. Arnþór Garðarsson (1969) nefnir að 21. nóvember 1965 (fyrir uppfyllingu) hafi eftirfarandi buslendur verið í voginum: rauðhöfði 300, ljóshöfði 1, stökkönd 50 og urtönd 3. Auk þess var hann mikilvægur viðkomustaður vaðfugla, líkt og Grafarvogurinn. Leiran er vinsæll það— og setstaður máfa nú og þangað sækja einnig grágæsir, stökkendur (m.a. lítill fellihópur steggja), vaðfuglar (mest tjaldur, stelkur og lóupræll) og fleira. Þó lítið hafi komið útúr leirusýnunum, virðast þessir fuglar finna sér æti. Ef annar hvor þessara valkosta verða fyrir valinu, þarf að hlífa sem mestu af leirunni. Hafa ber það í huga við hönnun á brú að hafa sem minnstar uppfyllingar við brúarsporða og sem lengst og fæst brúarhöf. Tryggja þar með fallaskipti undir brúna.

Syðri valkosturinn mun hafa mun minnst áhrif á lífríkið. Hann virðist fylgja götum sem fyrir eru að mestu leyti austan megin og vestan megin á röskuðu landi.



9. mynd. Lóuprælar, stelkur og tjaldur leita sér ætis á Elliðavogsléirunni 5.7.2022.
Ljós. JÓH.

Heimildir

- Arnbór Garðarsson 1968. *Ljóshöfðaendur (Anas americana) á Íslandi*.
Náttúrufræðingurinn 38 (3-4): 165–175.
- Jóhann Óli Hilmarsson & Ólafur Einarsson 2016. *Fuglalíf í Elliðavogi og Grafarvogi*.
Skýrsla vegna fyrirhugaðra uppfyllinga. Unnin fyrir Reykjavíkurborg, 53 bls.
- Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir & María Harðardóttir (ritstj.) 2016.
Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunnar nr. 54, 299 bls.
- Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Borgný Katrínardóttir, Guðmundur A.
Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage 2016. *Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi*.
Fjölrit Náttúrufræðistofnunnar nr. 55, 296 bls.
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2018a. Válisti æðplantna.
<https://www.ni.is/is/midlun/utgafa/valistar/plontur/valisti-aedplantna>
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2018b. *Vistgerðakort* <http://vistgerdakort.ni.is/> (sótt 4.1.2023).
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2018c. *Válisti fugla 2018*.
<http://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla> (Sótt 5.1.2023).
- Náttúrufræðistofnun Íslands 2020. *Náttúruminjaskrá, B-hluti*:
<https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/stokkseyri-eyrarbakki> (sótt 5.1.2023).
- Umhverfisstofnun án ártals. Náttúruminjaskrá.
<https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/sudvesturland/> (sótt 5.1.2023).

Viðaukar

1. viðauki. Talningar á Vestari kvísl Elliðaánna neðan gömlu brúa 2022.

Vestari kvísl						Flóð				
		14.6.	29.6.	5.7.	27.7.	21.8.	4.9.	13.9.	30.10	16.12
Grágæs	Fullo/óald			1	70	7				
Rauðhöfðaönd	Steggur						1		4	
Rauðhöfðaönd	Kolla								3	
Stökkönd	Steggur/ókyngur			4	8	1	4	3	1	6
Stökkönd	Kolla			1	1		6		1	5
Skúfönd	Steggur				6					
Æður	Bliki/ókyngur			7		2				
Æður	kolla			2						
Æður	Ungar			2						
Gulönd	Kolla	1								
Tjaldur		2	1	4	2		3		3	
Sandlóa				2						
Lóupræll				26						
Stelkur		3	9	10	8		1	2		
Hettumáfur		4	3	4	35	10	50	32	67	3
Stormmáfur						18	20	55	33	
Silfurmafur			5	1		17	4	3	6	
Sílamáfur		32	42	18	3	25	44	25	1	
Bjartmáfur								6	10	
Hvítmáfur			3				1	3	3	
Svartbakur		1						1		
Kría		8	3	2	7					
Maríuerla			1							
Stari		1			80		11	40	8	
Hrafn										1
	Samtals	52	67	84	220	80	145	170	140	15

2. viðauki. Talningar á Eystri kvísl Elliðaánna neðan gömlu brúa 2022.

Eystri kvísl		1	2	3	4	5	6	7	8	9
		14.6.	29.6.	5.7.	27.7.	21.8.	4.9.	13.9.	30.10.	16.12.
Grágæs	Fullo.		20	28	41	17		15		
Grágæs	Ungar		34	x						
Stökkönd	Steggur/ókyngur					6	2		1	
Stökkönd	Kolla			1		1			1	
Stökkönd	Ungar					2				
Stökkönd	Kolla		3							
Stökkönd	Ungar		19							
Gulönd	Steggur								1	
Sandlóa			1							
Heiðlóa						41			24	
Hrossagaukur						5				
Stelkur			1							
Hettumáfur					17	42	1	1	1	
Stormmáfur						20				
Sílamáfur						1				
Kría				2	1					
Skógarþröstur						1			2	
Stari						28		7		
Hrafn					12					
Samtals		0	78	31	71	164	3	23	30	0

3. viðauki. Flóruhliti Elliðavogs. Svæðinu er skipt í þrennt. Lágplöntur eru skáletraðar.

	Austur- bakki	Vestur- bakki	Geirs -nef		Austur- bakki	Vestur- bakki	Geirs -nef
Alaskalúpína	x	x	x	<i>Melagambri</i>	x		
Alaskaösp		x	x	<i>Melakræða</i>		x	
Augnfró	x	x	x	Melgresi		x	x
Axhnoðapuntur			x	Mjaðurt	x		x
Baldursbrá	x			Mýrasóley			x
Beitilyng		x		Mýrastör			x
Birki		x	x	Njóli	x	x	x
Blávingull		x		Randagin		x	
Blóðarfi			x	Reynir		x	x
Brennisóley		x	x	Roðafífill		x	
Engjarós	x			Sitkagreni		x	
<i>Engjaskraut</i>	x			Skarifífill	x	x	x
Eplatré			x	Skógarkerfill	x		x
Fjallnykra	x			Skriðlíngresi	x	x	x
Geithvönn	x	x		Skriðsóley	x	x	x
Græðisúra			x	Snarrótarpuntur	x	x	x
Guðmaðra		x		Tágamura			x
Gullmura		x		<i>Tildurmosi</i>	x		
Gulstör	x			Túnfífill		x	x
Háliðagras	x		x	Túnvingull	x	x	
Hálíngresi	x	x		Umfeðmingur		x	
Haugarfi			x	Vætudúnurt	x		
Heggstaðavíðir		x		Vallarfoxgras		x	x
Hjartaarfi			x	Vallarrýrgresi			x
Hlaðkolla			x	Vallarsveifgras	x	x	
Hlíðamaríust.	x	x	x	Vallhæra		x	x
Hóffífill	x		x	Vallhumall	x	x	x
Hófsóley	x			Varpasveifgras			x
<i>Hraungambri</i>	x			Vatnsnál	x		
Hundasúra		x		Vegarfi		x	
Húsapuntur	x	x		Viðja			x
Hvítsmári	x	x	x	Vorbrúða	x		
Kattartunga			x	Þistill	x	x	x
Klóelfting	x	x		Þráðnykra	x		
Krækilyng		x		Ætihvönn	x	x	x
Krossfífill			x				
Ljónslappi		x					
Loðvíðir		x	x	Alls 74 teg.			
Lokasjóður	x	x	x				

4. viðauki. Eystri kvisl Elliðaánna, svæði 5, athuganatímabilið árin 2015 til 2016.

Tegund	Kyn/aldur	Dagur																															
		27.9.	11.10.	25.10.	8.11.	22.11.	13.12.	13.1.	29.1.	14.2.	27.2.	13.3.	28.3.	3.4.	10.4.	17.4.	25.4.	2.5.	10.5.	16.5.	24.5.	29.5.	6.6.	21.6.	5.7.	25.7.	2.8.	8.8.	15.8.	25.8.	2.9.	11.9.	17.9.
Grágæs	Fullo.												6	13	11	16	5	2	2	3	2	59	109	2	9	22	2	7	1	5			
Grágæs	Ungar																					8	8		19	31	3	8					
Rauðhöfðaönd	Steggur				3	9		1	1	1		2	6	8	4	2	7	22		1	1	1											
Rauðhöfðaönd	Kolla					6		1	1			1	5	6	3	1	6	1															
Stökkönd	Steggur	4	1	1		5	2	4	1		2	2	4	2	3		3	6	6	5	4	2	2	8	2	34	19	25	10	9	2	4	3
Stökkönd	Kolla	4	1			5		2	1		1	1	3	2	2	1		4	2	3	3	1	1	2	1	6	9	2	5	2	8	2	
Skúfönd	Steggur																								1								
Æður	Bliki				3	1	34	4	20	15	7	14	13	10	30	5	10	17	1	1		2		2		1							
Æður	kolla				11	2	20	2	22	13	1	10	11	9	16	4	6	10	1	2		3		5		4	1		6			10	10
Æður	Ungar																								4	5		3	5				
Toppönd	Steggur													1							1												
Toppönd	Kolla																				1												
Gulönd	Steggur				2		4	4	3	1																							
Gulönd	Kolla						2		1																							1	1
Dílaskarfur		1																															
Tjaldur					1		1	1	14	1	4	8	1	8	2	2	4	5	1	2	1	3	6	3	3	4	1	4	3		2	1	
Sandlóa																							2								2		
Heiðlóa														1			4																
Lóupræll																										2							
Hrossagaukur																		1															1
Stelkur		1														1	8	1	1	2	2	2	1	2	1	2	2						
Tildra																		4	2	3					1							1	
Hettumáfur		5			4												2	4	3		3			1	4	10	21	9	29	2	8	4	7
Stormmáfur		2			6															2									3			2	
Silfurmáfur					5	1	1					1																				1	
Sílamáfur		15															1					1	2		2	1	2	2			1		
Bjartmáfur							1																										
Hvítmáfur						2																											
Svartbakur						2																					1						
Rita																						4											

		Dagur																															
		27.9.	11.10.	25.10.	8.11.	22.11.	13.12.	13.1.	29.1.	14.2.	27.2.	13.3.	28.3.	3.4.	10.4.	17.4.	25.4.	2.5.	10.5.	16.5.	24.5.	29.5.	6.6.	21.6.	5.7.	25.7.	2.8.	8.8.	15.8.	25.8.	2.9.	11.9.	17.9.
Tegund	Kyn/aldur																																
Kría																				2	8	4	3	1	3	17	9	5	1				
Þúfutittlingur																							1			1					1		
Maríuerla																			2														
Svartþröstur																					1												1
Skógarþröstur																	1																
Stari															10				3					20				4				3	
Hrafn					2									4																			
Samtals		32	2	1	22	47	64	21	64	31	15	39	43	55	73	37	62	75	32	25	30	23	88	163	17	116	122	56	77	19	29	27	25

5. viðauki. Vestari kvísl Elliðaánna, svæði 6, athuganatímabilið árin 2015 til 2016.

		Dagur																																
Tegund	Kyn/alður	27.9.	11.10.	25.10.	8.11.	22.11.	13.12.	13.1.	29.1.	14.2.	27.2.	13.3.	28.3.	3.4.	10.4.	17.4.	25.4.	2.5.	10.5.	16.5.	24.5.	29.5.	6.6.	21.6.	5.7.	25.7.	2.8.	8.8.	15.8.	25.8.	2.9.	11.9.	17.9.	
Álft																								2										
Grágæs	Fullo.														6		17	12	2	6	5		15	6	171	9		26		4	18		13	
Grágæs	Ungar																							6		6				5				
Rauðhöfðaönd	Steggur			2												2		1					5							5	4	5	8	
Rauðhöfðaönd	Kolla			2												2		1												2	8	12	8	
Stökkönd	Steggur	2				2	6		3	3			2	1	3	1	10	2	3	1	5	1	1	1	19		3	6	11	13	9	11	9	
Stökkönd	Kolla	2					5		3	2			2		3	1	4		2	1	3	1		1		1			1	5	5	3	1	
Æður	Bliki								1			1										1	1											
Æður	Kolla				1							1										1	1											
Toppönd	Steggur																	2					1											
Toppönd	Kolla																	1																
Gulönd	Steggur		1	2				3	1					1																				
Gulönd	Kolla		2	1			1						1																					
Fýll																1															1			
Tjaldur						3							1		3	2	6	3	2		2	3	4	8	4	4	1			1		2		
Sandlóa																					1	1				3	4							
Heiðlóa																											1	6				12		
Lóupræll																											10							
Hrossagaukur																	1																	
Stelkur																4	3	8	6	5	8	7	1	5	2	8	2	4	2					
Tildra																																	1	
Hettumáfur					20		2									4	2	4	9	6	5	4		9	4	46	14	16	17	61	16	25	110	
Stormmáfur																			1					1		1	2	1	1	2	5	40		
Silfurmáfur											1					3	2		4		10	2	3	2	4		4	2		2	10	10		
Sílamáfur															2	12	15	19	41		82	50	56	131	50		27	52	24	28	72	22	21	
Hvítmáfur					2											1	1		1				1	1			1	1	2		3	1	10	
Svartbakur					1											2			1		2	1	3	3	1				2		2	2	1	
Kría																				2	3	2	18	17	28	11	8	2	2					

Tegund	Kyn/aldur	Dagur																															
		27.9.	11.10.	25.10.	8.11.	22.11.	13.12.	13.1.	29.1.	14.2.	27.2.	13.3.	28.3.	3.4.	10.4.	17.4.	25.4.	2.5.	10.5.	16.5.	24.5.	29.5.	6.6.	21.6.	5.7.	25.7.	2.8.	8.8.	15.8.	25.8.	2.9.	11.9.	17.9.
Skógarpröstur		20																					1										
Stari				5	1												5				4		3		3								12
Hrafn								3																									
Samtals		4	23	12	25	5	14	6	8	5	1	2	0	7	9	41	49	68	70	26	122	79	113	188	292	99	65	120	64	126	153	98	244